

Byggingarlýsing

170256
Staðgreinir: 8721-5-20001130
Fastanúmer : 220-8960
Undirnáúmer : 01-0101

Sótt er um endurgerð og minniháttar stækkun á eldri sumarbústað við Þingvallavatn. Bústaðurinn er staðsettur í Bláskógabyggð í landi Heiðarbæjar. Bústaðurinn er teiknaður 1964 af Herði Björnssyni, og breytingar teiknaðar 1992 af Eysteini Haraldssyni.

Fyrri eigendur bættu við "sólhýsi" fyrir einhverjum áratugum, sem er í afar lélegu ástandi, og er ekki á samþykktum teikningum. Núverandi eigendur (erfingjar) hyggjast endurbyggja sólhýsið í sömu stærð, endurnýja byggingarefni í bústaðnum, auka einangrun, breyta herbergisskipan og stækka bústaðinn lítillega. Skipt verður um ónýta glugga og hurðir, gólf og veggir endurgerðir og vatnslæðning að utan endurgerð.



Bústaðurinn er á einni hæð og pallur á suðvesturhlíð og suðausturhlíð. Suðvestan byggingar er gert ráð fyrir að koma fyrir heitum potti. Herbergisskipan breytist á þann veg að eldhús er flutt úr miðrymi í suðausturendann, í þann hluta sem bætist við bústaðinn. Baðherbergið stækkar og svefnherbergjum er fækkað úr þremur í eitt. Að öðru leyti myndar stofa og borðstofa eitt alrými. Bústaðurinn stækkar sem nemur inndregnum hluta á suðausturhlíð, 4,8m x 1,5m eða 7,2 fm og þar er bætt við gluggum. Sólhýsið verður endurnýjað og sett tvöfalt einangrunargler. Staðsetning þess verður óbreytt og stærð þess einnig, 27,7 fm. Þar verður komið fyrir hita/tækjaklefa fyrir inntök rafmagns og vatns og hita- og neysluvatnsskúta.

Gluggasetning breytist lítillega. Á suðausturhlíð bætast við gluggar í eldhúsinu. Á norðvesturhlíð er gluggi til hægri við inngang fjarlægður. Á norðausturhlíð er staðsetning glugga breytt lítillega og bætt við glugga í eldhúsi. Á suðvesturhlíð er minni glugginn í vesturenda fjarlægður.

Undirstöður/sökkklar eru steiptir. Burðarvirki (gólf og burðarveggir) eru að öðru leyti úr timbri. Veggir og þak eru EI30 og klæðningar í flokki 2. Björgunarop í svefnherbergi. Í bústaðnum er reykskynjari og handslökkvitæki af viðurkenndri gerð og læsanlegur skápur fyrir lyf og hættuleg efni. Uppsetning og frágangur eldstæðis er skv. leiðbeiningum Brunamálastofnunar ríkisins og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Öll gluggalaus rými eru loftræst.

Útveggir eru einangraðir með 150 mm steinull og klæddir loftræstri timburklæðningu. Gólf er einangrað með 100 mm steinull og þak er einangrað með 275 mm steinull. Gluggarnir eru úr tré að innan og utan með K-gleri. Klæðning að utan er liggjandi panill úr jatoba. Þak verður óbreytt en þakkantur endurnýjaður.

Merkingar átta eru lagfærðar frá því sem merkt er í eldri teikningum af bústaðnum.



HELSTU STÆRÐIR

Stærð lóðar 4225,0 m²
Brúttó flötur bústaðar 128,1 m²
Brúttó rúmmál bústaðar 458,6 m³

SAMÞYKKT

11 MARS 2010
Byggingarmáttuluppsýsla Amassýslu og Fíðáhr.

stimpilreitur

AS teiknistofa

Anna Sóley Þorsteinsdóttir
arkitekt FAÍ

simi 8244432
neffang annasoley@gmail.com

skýringar:

BO	BJÖRGUNAROP
R	REYKSKYNJARI
GN	GÓLFNIDURFALL
LR	LOKAD RÝMI

Lyngbrekka, sumarbústaður við Þingvallavatn, Bláskógabyggð

dags: 18.12.2009

teiknað af: Anna Sóley Þorsteinsdóttir arkitekt FAÍ

yfirfarið af: Halldóra K. Bragadóttir arkitekt FAÍ

efni: grunnmynd, sneiðing og byggingarlýsing

mælikvarði: 1:100

teikn. nr. 2

Halldóra K. Bragadóttir arkitekt FAÍ

Kt. 210560-3279

grunmynd bústaðar